

Atvinnuveganefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10, Reykjavík

Reykjavík 24. júní 2020

Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun og lögum um ríkisábyrgðir (Ferðaábyrgðasjóður), 944. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnaður verði sérstakur sjóður, Ferðaábyrgðasjóður, sem hafi það hlutverk að bregðast sérstaklega við lausafjárvanda ferðaskrifstofa með því að endurgreiða neytendum þær greiðslur sem þeir hafa innt af hendi vegna pakkaferða sem orðið hefur að aflýsa eða afpanta vegna ófyrirsjáanlegra og óviðráðanlegra aðstæðna vegna áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru. Jafnframt verður ferðaskrifstofum heimilt að krefja sjóðinn um endurgreiðslu þeirra krafna sem þegar hafa verið endurgreiddar og falla að öðru leyti undir gildissvið frumvarpsins. Frumvarpinu er ætlað að tryggja lögbundinn rétt neytenda til endurgreiðslu en einnig að aðstoða ferðaskrifstofur í því erfiða rekstrarumhverfi sem þær standa nú frammi fyrir.

1.-Velta má fyrir sér hvort tímabil ferðalaga (12. mars til 30. júní) sé nægilegt. Ljóst er að margar ferðir munu raskast eftir 30. júní og fyrirhugaðar ferðir falla undir 14., 15. eða 16.gr laganna, jafnvel þó opnað verði á ferðir til einhverra landa. Því er spurning hvort lengja þurfi tímabilið, a.m.k. vegna ferða til landa sem landlæknir varar við.

2.-Af frumvarpinu er ekki ljóst hvort þau sem þegar hafa þegið inneignarnótu frá ferðaskrifstofum hafi rétt á að fá inneignina sína út greidda. Einhverjir ferðalangar kunna þegar að hafa þegið inneignarnótur undir því yfirskyni að annað væri ekki í boði. Afstaða samtakanna er að öll sem hafa þegar þegið inneign eigi að vera undir sama hatt sett og fá endurgreiðslu skv. frumvarpinu.

3.-Þá er ekki tekið á rétti neytenda í tilvikum þegar ferðaskrifstofur ákveði einhliða verulegar breytingar á pakkaferðasamningum svo sem að færa ferð fram á næsta ár eða á annan áfangastað, en nokkuð hefur borið á slíku (t.d. margar útskriftarferðir). Sé það gert ber ferðaskrifstofu að tilkynna farþegum um fyrirhugaðar breytingar og veita þeim hæfilegan frest til að samþykkja eða hafna. Sé breytingin veruleg eins og í dæminu hér að framan getur ferðamaður afpantað ferðina á grundvelli 13. og 14. gr. laga um pakkaferðir. Ekki er minnst á greinarnar í frumvarpinu, heldur einungis 15. og 16.gr. Þetta þyrfti að laga.

4.-Þá er í frumvarpinu ekki getið um málsmeðferðartíma Ferðamálastofu, þ.e.a.s. hversu lengi ferðalangar kunni að þurfa að bíða eftir endurgreiðslunni.

Að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda styðja Neytendasamtökin frumvarpið og sem fyrr eru þau reiðubúin að koma á fund nefndarinnar, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Breki Karlsson, formaður



Reykjavík 25. júní 2020

Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar – SAF um frumvarp til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun og lögum um ríkisábyrgðir (Ferðaábyrgðarsjóður).

Frumvarpið mælir fyrir um að stofnaður verði svokallaður Ferðaábyrgðarsjóður til að bregðast við neikvæðum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru á starfsemi skipuleggjanda eða smásala og tryggja hagsmuni neytenda. Sjóðurinn verður í vörslu Ferðamálastofu en ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

SAF telja að í frumvarpinu sé í meginráttum komið til móts við vanda ferðaskrifstofa og neytenda í þessu máli. Samþykkt frumvarpsins mun hjálpa ferðaskrifstofum sem eiga í miklum rekstrarvanda og koma í veg fyrir rekstrarstöðvanir og/eða gjaldþrot fyrirtækja sem ljóst er að raungerast verði frumvarpið ekki að lögum fyrir þinglok.

SAF lýsa því ánægju með frumvarpið en benda jafnframt á eftirfarandi:

1. Tímabilið

Frumvarpið á að gilda fyrir pakkaferð sem átti að koma til framkvæmdar á tímabilinu 12. mars til og með 30. júní 2020. Ljóst er að fjöldi ferða mun raskast eftir 30. júní nk. enda eru og verða ferðatakmarkanir áfram í mörgum löndum.

Tímabilið þarf því að haldast í hendur við hvenær öllum ferðatakmarkunum verður aflétt hér á landi. Íslensk stjórnvöld hafa innleitt ferðatakmarkanir á ytri landamærum Schengan svæðisins í samræmi við tilmæli leiðtoga ráðs Evrópusambandsins. Núverandi ferðatakmarkun gildir til 1. júlí nk. og ef það tímabil verður framlengt þá væri eðlilegt að framlengja þetta tímabil. Nýlega kom t.d. í ljós að takmarkanir á ferðum til Íslands munu enn gilda gagnvart ferðamönnum frá Bandaríkjunum (og fleiri ríkjum) eftir 1. júlí nk. vegna tilmæla ESB varðandi sameiginleg ytri landamæri Schengen svæðisins. Þetta mun óhjákvæmilega leiða til þess að endurgreiðslukröfur verði til hjá fyrirtækjum gagnvart ferðamönnum frá Bandaríkjunum eftir að tímabilinu lýkur skv. frumvarpinu.

Í loka málsli. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur fram heimild fyrir ráðherra að framlengja tímabilið með reglugerð. SAF undirstrika mikilvægi þess að ráðherra nýti sér þá heimild ef um áframhaldandi raskanir eða ferðatakmarkanir verða fyrir hendi.

2. Endurgreiðslur

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ríkissjóður leggi Ferðaábyrgðarsjóði til stofnfé og að það sé mikilvægt að gæta hagsmuna sjóðsins og ríkissjóðs enda sé tilgangur frumvarpsins að veita skipuleggjendum og smásölum lán á hagstæðum kjörum til að standa við lögbundnar skyldur sínar gagnvart ferðamönnum.

Í 7. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur fram að lánið stofnast á hendur viðkomandi skipuleggjanda eða smásala þegar sjóðurinn hefur greitt fjárhæðina sem um ræðir og að kröfuna, lánið, skuli endurgreiða til baka á allt að sex árum. Í framhaldinu kemur fram að komi til vanefnda megi gera fjárnám án undangengins dóms eða sáttar, ásamt vöxtum, dráttarvöxtum og kostnaði.

SAF leggja til að endurgreiðslutíminn verði lengdur í átta ár enda er ljóst að mjög brött brekka er framundan við endurreisn margra fyrirtækja sem falla undir frumvarpið. Möguleiki á lengri endurgreiðslutíma getur verið mikilvægur í ljósi þess að sbr. eðli ferðaskrifstofureksturs eru beinar tekjur fyrirtækjanna ídulega lágt hlutfall af heildarveltu þeirra.

Í samhengi við ofangreinda tillögu um lengdan hámarks endurgreiðslutíma benda SAF á að skynsamlegt sé fyrir alla aðila að jákvæðir hvatar til hraðari uppgreiðslu lánanna verði til staðar fyrir ferðaskrifstofur, t.d. uppgreiðsluafsláttur sem lækkar eftir því sem lánstíminn líður.

3. Upphafsdagur endurgreiðslna

Í frumvarpinu er ekki fjallað um tilhögun endurgreiðslna heldur er í 11. mgr. 1. gr. mælt fyrir um reglugerðarheimild ráðherra til að kveða nánar um framkvæmd frumvarpsins.

SAF leggja áherslu á að við nánari útfærslu verði endurgreiðslur lánar hefjast í fyrsta lagi haustið 2021, enda er fyrirséð að lausafjávandi ferðaþjónustufyrirtækja muni verða mikill næstu 12 mánuði hið minnsta. Með því að festa fyrsta endurgreiðsludag að hausti 2021 gefst fyrirtækjum tækifæri til að nýta sumarið 2021 til tekjuöflunar sem byggt geti undir endurgreiðslu lána.

SAF ítreka ánægju með að fram sé komið frumvarp sem leiðir til lausna í kröfum neytenda gagnvart ferðaskrifstofum og komi í veg fyrir innlögn leyfa, rekstrarstöðvanir og gjaldþrot margra fyrirtækja.

Fulltrúar SAF eru tilbúnir að koma á fund nefndarinnar til að fara yfir efnisatriði umsagnarinnar og eins ef frekari upplýsinga er óskað.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Jóhannes Þór Skúllason
framkvæmdastjóri

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík



Reykjavík 3. september 2020

Efni: Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar við frumvarp til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018, með síðari breytingum (framlenging).

Samtök ferðaþjónustunnar – SAF vísa í frumvarp, atvinnuveganefndar, til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Frumvarpið mælir fyrir um að lengja eigi í því tímabili sem seljendur pakkaferða geta sótt um lán til Ferðaábyrgðarsjóðs til að standa við endurgreiðslukröfur gagnvart neytendum samkvæmt lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun vegna afbókaðra og aflýstra pakkaferða verði framlengt um tvo mánuði. Lengja á í tímabilinu sem pakkferð á að koma til framkvæmda, í núgildandi lögum er miðað við ferðir sem áttu að koma til framkvæmda á tímabilinu 12. mars til 31. júlí 2020. Í frumvarpinu er það tímabil lengt til 30. september 2020.

Í greinargerðinni með frumvarpinu kemur fram að tilgangur sjóðsins sé að að bregðast tímabundið við neikvæðum áhrifum kórónuveirufaraldursins á starfsemi seljenda pakkaferða og neytendur. Sjóðurinn veitir seljendum pakkaferða lán til að standa skil á endurgreiðslukröfum neytenda vegna pakkaferða sem hefur verið aflýst eða þær verið afbókaðar vegna óvenjulegra og óviðráðanlegra aðstæðna sökum kórónuveirufaraldursins.

Framkvæmdin á landmærum jafnast á við lokun

Frá 19 ágúst sl. velja farþegar sem koma til Íslands um að fara í 14 daga sóttkví við komuna til landsins eða fara í sýnatöku á Keflavíkurflugvelli eða á öðrum landamærastöðvum og fara síðan í sóttkví þar til niðurstöður liggja fyrir úr seinni sýnatöku 4-5 dögum eftir komu til landsins.

Sú ákvörðun að breyta framkvæmdinni á landamærum var tilkynnt með nokkra daga fyrirvara án fyrirsjáanleika og ábendinga um að slík ákvörðun væri í farvatninu. Með þeirri ákvörðun var fótunum kippt undan ferðaþjónustunni í landinu. Í kjölfarið af þeirri ákvörðun hafa þeir sem eiga pantaða pakkaferð í haust óskað eftir

endurgreiðslu enda forsendur ferðar þar sem svona framkvæmd er á landmærum ekki til þess fallin til að hægt sé að standa við ferðina.

Skortur á fyrirsjáanleika, varfærni, festu, gagnsæi og meðalhófi

Í ljós þess að enginn fyrirsjáanleiki er í aðgerðum stjórnvalda á landmærum er ekki hægt að gera ráðstafanir til framtíðar og allar ferðaáætlanir til lengri tíma í uppnámi. Stjórnvöld virðast ekki taka ákvarðanir á grundvelli rökstudds forsendumats heldur í flyti án þess að bera saman mismunandi ákvarðanir og hvaða afleiðingar þær geti haft. Í þannig ástandi er ekki hægt að gera ráðstafanir. Þó stjórnvöld breyti núverandi ákvörðun t.d. með því að huga að meðalhófsreglunni og skyldi erlenda ferðamenn til að fara í eina sýnatöku en aðra, Íslendinga og erlenda ríkisborgar sem vinna hér á landi, til að fara í óbreytt fyrirkomulag þá getur ferðaþjónustan ekki gert ráð fyrir að sú ákvörðun haldi til langs tíma enda skortir festu, sjálfbærni, gagnsæi og stöðuleika. Aðgerðir stjórnvalda án beinna tillagna frá sóttvarnarlækni hafa einmitt skort alla þessa eiginleika. Það sem ferðaþjónstuna þarf nú er einmitt fyrrgreind festa og fyrirsjáanleiki og því þarf að lengja í báðum þessum tímabilum svo fyrirtæki hafi einhverja vissu um framhaldið.

Tillögur til breytinga:

Í ljósi framangreinds fara SAF fram á lengt verði enn frekar í báðum tímabilunum.

- *Í stað dagsetningarinnar „31. júlí 2020“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 30. nóvember 2020.*
- *Í stað dagsetningarinnar „1. september 2020“ í 1. málsl. 10. mgr. kemur: 1. desember 2020*

Það er mat samtakanna að ofangreindar tillögur rúmist innana núverandi fjárheimilda sjóðsins.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason

framkvæmdastjóri

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 29. júní 2020

Efni: Umsögn SFF um frumvarp til breytinga á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun og lögum um ríkisábyrgðir (Ferðaábyrgðarsjóður). 150. Lögjafarþing, þingskjal 1798 – 944. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til frumvarps meiri hluta atvinnuveganefndar sem gerir ráð fyrir stofnun svokallaðs Ferðaábyrgðarsjóðs með bráðabirgðaákvæði sem bætist við lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018. SFF fagna stofnun sjóðsins sem mun styrkja rétt neytenda til þess að fá pakkaferðir endurgreiddar sem aflýstar voru eða afpantaðar vegna óvenjulegra og óviðráðanlegra aðstæðna á tímabilinu frá 12. mars til 30. júní 2020. Samtökin vilja þó koma eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið á framfæri.

1. Ferlið við endurgreiðslur gegnum kerfi kortafélaganna

Vegna Covid19 hafa bæði skipuleggjendur og smásalar sem falla undir lög um pakkaferðir og skipulega tilhögun sem og aðrir aðilar sem nýta færsluhirðingu safnað „mínus“ hjá færsluhirðum vegna endurgreiðslna til þeirra viðskiptavina sem greitt hafa með kortum og áttu rétt á að fá ferð endurgreidda samkvæmt reglum alþjóðlegu kortafélaganna. Þetta orsakast oftast af því að aðilar hafa fengið greiðslu viðskiptamanns „fyrirfram“ að fullu eða hluta þ.e. áður en þjónusta eða vara er afhent og eiga því rétt á endurgreiðslu þegar vara/þjónusta er ekki afhent. Aðilar endurgreiða slíkar ferðir í gegnum kerfi kortafélaganna þá annað hvort að eigin frumkvæði í formi rafrænna endurgreiðslna eða að dregið er af þeim vegna endurkrafna korthafa. Færsluhirðar eru skuldfærðir fyrir slíkum endurgreiðslum og endurkröfum óháð því hvort aðili hefur einhverja veltu eða inneign hjá færsluhirði sem draga má kröfu af. Að mati SFF er afar mikilvægt að færsluhirðing raskist ekki en ekki er að sjá að frumvarpið taki á þeim „mínus“ sem enn verður til staðar gagnvart færsluhirðum þrátt fyrir að skipuleggjendur og smásalar hafi fengið lán úr ferðaábyrgðarsjóði fyrir endurgreiðslu til viðskiptamanns.

2. Aðilar sem þegar eru farnir í þrot

Að mati SFF er óskýrt hvernig meðhöndla skuli endurkröfur vegna þeirra aðila í ferðaþjónustu sem þessari sem þegar eru farnir í þrot vegna Covid19 eða óvenjulegra og óviðráðanlegra aðstæðna. Munu skiptastjórar þeirra þrotabúa geta krafið Ferðaábyrgðarsjóð um endurgreiðslu eða munu þessi bú ekki eiga rétt á aðstoð sjóðsins vegna þess að þrot er þegar orðið? Ef ætlun frumvarpsins er sú að veita þrotabúum ekki heimild til að sjá um þessar endurgreiðslur munu þá neytendurnir sjálfir geta sótt þær í sjóðinn?

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur